

FORSETABRÉF
um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér, að nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman til að fjalla um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að synjað var staðfestingar frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., sem samþykkt var sem lög frá Alþingi hinn 30. desember sl.

Fyrir því hefi ég ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 8. janúar 2010 kl. 10.30.

Gjört á Bessastöðum, 6. janúar 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

A-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2010